

**Nd.**

**530. Breytingartillögur**

[9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Ellert B. Schram.

1. Við fyrirsögn I. kafla. Á eftir orðinu „markmið“ komi: fræðsluskylda.
2. Við 1. gr. Greinin verði svo hljóðandi:

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli, sem fullnægir lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, kallast grunnskóli.

Öllum börnum og unglingum á aldrinum 7 til 15 ára er skylt að sækja grunnskóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Heimilt er sveitarfélagi að ákveða, að skyldunám skuli ná til 16 ára unglinga, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð ákvörðunina.

Þegar tilgreindur er aldur nemenda í lögum þessum, miðast hann við það almanaksár, er nemandinn nær nefndum aldri.
3. Við 3. gr. 2. mgr. hljóði svo:

Hann getur verið ein stofnun eða verið skipt í einingar, tvær eða fleiri, eftir því sem hlutaðeigandi fræðsluráð ákveður.
4. Við 4. gr. Í stað orðanna „ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs“ komi: fræðsluráði með samþykki menntamálaráðuneytisins.
5. Við 7. gr. a-liður falli niður.
6. Við 8. gr. Niður falli orðin „hluta úr skólaári“.
7. Við 12. gr. 4. tölul. Í staðinn fyrir orðið: „menntamálaráðuneytisins“ komi: hlutaðeigandi landshlutasamtaka sveitarfélaga.
8. Við 13. gr.
  - a) 1. mgr. hljóði svo:

Landshlutasamtök sveitarfélaga setja eða skipa fræðslustjóra.
  - b) Í staðinn fyrir orðin „Menntamálaráðuneytið auglýsir“ í 2. mgr. komi: Landshlutasamtök sveitarfélaga auglýsa.
9. Við 14. gr.
  - a) 1. mgr. verði svo hljóðandi:

Fræðslustjóri er framkvæmdastjóri fræðsluráðs og fulltrúi menntamálaráðuneytisins. Hann veiti forstöðu fræðsluskrifstofu umdæmisins.
  - b) Í staðinn fyrir orðin „skólarannsóknardeild menntamálaráðuneytisins“ í 4. tölul. komi: menntamálaráðuneytið.

10. Við 15. gr.
- Í staðinn fyrir 1. og 2. mgr. komi ný 1. mgr., svo hljóðandi:  
Landshlutasamtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofu stað, en fræðsluráð ræður starfsfólk hennar að fengnum tillögum fræðslustjóra.
  - Í 3. mgr., er verði 2. mgr., falli niður orðin „enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til“.
11. Við 16. gr. 4. mgr. verði svo hljóðandi:  
Landshlutasamtök sveitarfélaga gera í samráði við menntamálaráðuneytið áætlun um skiptingu hvers umdæmis í skólahverfi og leggja tillögur þar um fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórn- um, skólanefndum og skólastjórnunum, sem hlut eiga að máli. Lögð skal áhersla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hóflegs tíma, kveður ráðuneytið til eins fundar eða fleiri með þessum aðilum um tillögurnar. Náist ekki samkomulag, sker menntamálaráðuneytið úr.
12. Við 19. gr. Í lok 3. mgr. komi: og samstarfsnefndar.
13. Við 20. gr.
- Í staðinn fyrir orðin „Skólastjóri og fastir kennarar stjórna starfi grunnskóla“ í 1. mgr. komi: Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara.
  - Í stað orðanna „sem ásamt skólastjóra fer með stjórn skólans í umboði fastra kennara“ í 2. mgr. komi: sem er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans.
14. Við 24. gr.
- Í stað orðanna „menntamálaráðuneytið aðstoðar“ í 5. mgr. komi: lands- hlutasamtök sveitarfélaga aðstoða.
  - Í stað orðanna „enda samþykki menntamálaráðuneytið og skólanefnd upp- drætti“ í 6. mgr. komi: enda hamli notkun slíks húsnæðis ekki skólastarfi að dómi skólanefndar og menntamálaráðuneytisins.
15. Við 27. gr.
1. mgr. verði svo hljóðandi:  
Við hönnun skólamannvirkja er heimilt að ákveða listskreytingu þeirra, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingardeildar.
  2. mgr. falli niður.
16. Við 29. gr. Niður falli úr 2. mgr. orðin „sem menntamálaráðuneytið kynni að ákveða, svo sem til námskeiðahalds, framkvæmdar á lögum um orlof húsnæðra o. fl.“, en í staðinn komi: samkvæmt lögum.
17. Við 50. gr.
1. mgr. verði svo hljóðandi:  
Börn og unglingar eiga rétt á að sækja grunnskóla, og er þeim það skylt innan þeirra marka, sem skólaskylda er ákveðin í skólahverfi, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7., 52., 53. og 78. gr. þessara laga.
  - Í lok 2. mgr. falli niður orðin „ef sálfræðideild og skólalæknir mæla með því hvor um sig“, en í staðinn komi: með samþykki fræðslustjóra.
  3. mgr. verði svo hljóðandi:  
Nú lýkur nemandi öllu námi grunnskóla á átta árum með góðum árangri, og á hann þá rétt á að flytjast á framhaldsskólastig. Nemandi getur og á sama hátt lokið grunnskólanámi enn fyrr og þá flust á framhaldsskólastig, ef foreldrar æskja þess og skólinn samþykkir.
  4. mgr. verði svo hljóðandi:  
Fræðslustjóri getur í skólahverfi, þar sem 9 ára skólaskylda er ákveðin, að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn auk skólastjóra, heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 8. bekk vegna þátttöku

í atvinnulífi, og getur nemandi þá lokið grunnskólanámi síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar.

18. Við 51. gr. Til viðbótar við 3. málslíð komi: með samþykki fræðslustjóra.
19. Við 52. gr.
  - a) Í stað „sálfræðideildar“ í a-lið komi: sálfræðipjónustu.
  - b) Í stað „sálfræðideildar“ í c-lið komi: sálfræðipjónustu.
  - c) Í stað „sálfræðideildar“ í d-lið komi: sálfræðipjónustu.
  - d) Í stað „sálfræðideildar“ í e-lið komi: sálfræðipjónustu.
20. Við 53. gr.
  - a) Í stað „sálfræðideildar“ í 1. mgr. komi: sálfræðipjónustu.
  - b) Í stað „sálfræðideild“ í 4. mgr. komi: sálfræðipjónustu.
21. Við 55. gr. 6. mgr. verði svo hljóðandi:

Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar í samráði við skólanefnd.
22. Við 56. gr. Til viðbótar við 1. mgr. komi: en gefur þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins, sem tekur ákvörðun í málinu.
23. Við 62. gr. Á eftir orðinu „Menntamálaráðuneytið“ í 1. mgr. komi: í samráði við fræðslustjóra.
24. Við 63. gr.
  - a) Í stað orðanna „Í menntamálaráðuneytinu skal vera deild, skólarannsóknadeild, er hefur með höndum m. a.“ komi: Menntamálaráðuneytið hefur með höndum.
  - b) Í stað orðsins „deildin“ komi: ráðuneytið.
25. Við 64. gr. Í stað orðanna „skólarannsóknadeildar, og ræður menntamálaráðuneytið þá“ í 1. mgr. komi: menntamálaráðuneytisins og eru ráðnir.
26. Við 67. gr. Í 1. mgr. falli niður orðið „opinberum“.
27. Við 69. gr. g-liður verði svo hljóðandi:

að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við störf skólaráðgjafa.
28. Við 70. gr.
  - a) 1. mgr. verði svo hljóðandi:

Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta lýtur stjórn hlutaðeigandi fræðslustjóra. Skólaráðgjafar eru starfsmenn fræðslustjóra, sem skipuleggur störf þeirra í samráði við skólastjóra og sálfræðipjónustu, en hafa aðsetur í skólunum.
  - b) Í stað orðsins „sálfræðideildar“ í 2. mgr. komi: sálfræðipjónustu.
29. Við 73. gr. Í stað orðsins „sálfræðideilda“ í 2. mgr. komi: sálfræðipjónustu.
30. Við 74. gr. 2. mgr. verði svo hljóðandi:

Ráðuneytið setur starfsmönnum erindisbréf í samráði við fræðsluráð.
31. Við 78. gr. 2. mgr. falli niður.